



Verkefni: Töframáttur tónlistar

Styrkþegi: Gunnar Kvaran

Samantekt: Töframáttur tónlistar er heiti á tónleikaröð sem hefur það markmið að bjóða þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu og eru félagslega einangraðir vegna andlegra veikinda, elli eða afplánunar til lengri eða skemmri tíma vandaða tónleika flutta af okkar fremstu listamönnum. Gunnar Kvaran tónlistarmaður hefur leitt þessa tónleikaröð í 6 ár við miklar vinsældir og mikið þakklæti. Tónleikarnir fara fram á Kjarvalsstöðum og á Litla-Hrauni. Við heimsækjum sambýli geðfatlaðra, dagvistarstaði og elliheimili og kynnum vetrardagskrána að hausti með veggspjaldi. Tónleikarnir eru um margt hefðbundnir nema hvað listamenirnir útskýra verkin sem þeir leika, hvaðan þau koma og afhverju þeir velja að leika þau. Það er oft glatt á hjalla á Töframáttar tónleikum og það myndast mikil nánd og gott samband við hlustendur. Hverja tónleika sækja að jafnaði 75-100 manns og samtals eru haldnir átta tónleikar á hverjum vetri. Meginhluti tónleikagesta á ýmist við geðraskanir að stríða eða bága félags- eða fjárhagsstöðu eins og áður segir. Þessi hópur fer á mis við það sem best gerist í íslensku tónlistarlífi, en með Töframætti tónlistar er þeim gefið tækifæri til þátttöku í vönduðum menningarviðburðum. Framkvæmd þessarar tónleikaraðar hefur mikla persónulega þýðingu fyrir okkur sem að henni stöndum því það hefur lengi verið okkur ljóst að stór hópur í þjóðfélaginu fer á mis við menningarviðburði líðandi stundar. Umsjónarmenn og tónleikagestir sjálfir hafa tjáð okkur hve mikið gildi ferð á þessa tónleika er og hve þeirra er oft beðið með mikilli eftirvæntingu.

.....

Project: The magic of music

Grantee: Gunnar Kvaran

Abstract

“The magic of music” is the name of regular musical events in concert form, specifically designed to reach to people who are socially or mentally disabled. The objective of the program is to open free access to classical music for the disabled by inviting selected groups to enjoy classical music performed by Icelandic musicians within a 45 minute long concert during the middle of a ordinary working day. The concerts who are never promoted officially, take place in the cultural house Kjarvalsstaðir in Reykjavík, as well as in a prison, Litla Hraun in South Iceland.

We visit homes and institutions for the disabled every fall where we introduce the program for the following winter, by introducing and discussing the musicians and the works to be performed as well as leaving a poster which contains the winter program. The concerts are quite traditional in its form as the musicians perform the program in question, but in between the musical pieces the musicians mix their performance by talking directly to the audience, where they express their feeling for the music or the composer in the aim to give the program a kind of personal touch and strengthen the bond between the music, the musician and the audience. The audience is normally about 75-100 visitors and each winter has 8 concerts on the program.

By “The magic of music” our guests get a unique opportunity to experience and enjoy musical events of great quality, an experience they would generally not be able to reach due to their disability. By the specially designed program we are extremely proud of being able to offer these people an important and valuable cultural experience. As a result of this, and due to the fact that the supervisors of the groups and members of the audience have repeatedly expressed their thanks and the value the concerts bring to them, the program has therefore created a deep personal meaning for us who are responsible and we will continue our efforts to run our important cultural program for the foreseeable future.